

Jólafundur Beta- og Mýdeilda haldinn 3. des. 2015 í Hrafnagilsskóla

Mættar voru um 40 konur

1. Setning fundar

Formaður Mýdeildar, Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir, setti fundinn og bauð konur velkomnar og Björk, formaður Betadeildar, kveikti á kertunum. Formenn beggja deilda fluttu kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Tónlistaratriði

María Gunnarsdóttir Betadeild og Petra Óskarsdóttir Mýdeild fluttu jólalög ásamt Eiríki Stephensen.

3. Orð til umhugsunar

Hugrún Sigmundsdóttir úr Betadeild flutti orð til umhugsunar. Fyrst fjallaði hún um auglýsingaflóðið sem glymur á landsmönnum þessa daga og las upp nokkur dæmi. Þá sagði hún okkur frá jólabernskuminningum sínum, en hún er alin upp á Vatnsenda í Eyjafjarðarsveit og voru þau fimm systkinin. Hún sagði að jólin hefðu komið með afa þeirra og ömmu er þau komu með kassa fulla af gjöfum og öðru góðgæti. Hún nefndi hvað allt var einfaldara þá og ekki eins mikið áreiti sem fylgdi komu jólanna. Að lokum las hún upp ljóðið Jólabæn eftir tengdamóður sína, Arndísi Steingrímsdóttur frá Nesi í Aðaldal.

4. Erindi frá 5. okt. hópnum

Birna Svanbjörnsdóttir úr Mýdeild sagði okkur hvað hópurinn hyggst leggja til fyrir 5. okt. nk., en ásamt henni eru Anna Guðmundsdóttir Mýdeild, Selma og Þorgerður úr Betadeild. Þær vilja leggja áherslu á nýja kennarann í starfi. Ætlunin er að hittast á Hótel KEA í kaffi og spjalli. Fá fyrirlesara, helst nýjan kennara, til að segja frá og jafnvel meistaraprófsnema. Ýmsir lausir endar sem þarf að ræða og skoða.

5. Jólamáltíð

Þá var boðið til léttrar jólamáltíðar í boði stjórna Beta- og Mýdeilda. Veitingum var vel tekið og kaffið og konfektíð rann ljúflega niður.

Pyngjan góða var látin ganga milli kvenna.

6. Gestur kvöldsins

Gesturinn var Dusanka Kotaras, sem var í hópi þeirra tuttugu og fjögurra flóttamanna sem komu til Akureyrar frá fyrrum Júgóslavíu 2003. Hingað kom hún

ásamt eiginmanni og tveimur dætrum. Þá hafði hún búið við stríð og verið í flóttamannabúðum í fimm ár. Hún sagði að lífið hefði ekki verið neinn dans á rósum fyrir fjölskylduna þegar þau komu til landsins. Við vorum í nýju landi, sagði hún, kunnum ekki ensku og gátum því ekkert tjáð okkur, þannig að þetta var erfitt. Hún sagði að fjölskyldunni hefði verið mjög vel tekið og hún hefði aldrei upplifað fordóma eða neikvæðni í þeirra garð. Þau fengu flotta íbúð búna fallegum húsgögnum og sagðist hún hafa grátið af gleði þegar hún kom þangað inn. Elskulegur nágranni kom færandi hendi með nýsteiktar kleinur og þær reyndu að tala saman með hjálp orðabókar, þetta er hennar besta vinkona í dag og kalla þær hvor aðra systur. Mjög mikilvægt þegar fólk kemur í nýtt land, sagði hún, er að læra tungumálið sem allra fyrst og einbeita sér að því fyrsta árið. Einnig er mikilvægt að fá stuðning og hafa tiltæka sálfræðiaðstoð, að finna hlýju og jákvæðni og þar er brosið afar mikilvægt.

7. Tónlistaratriði

Þá var aftur tónlistaratriði og allir sungu saman eitt jólalag.

8. Fundi slitið

Ingibjörg Margrét, formaður Mýdeildar, slökkti á kertunum og sleit fundi kl. 21:30.

Ragnheiður Sigurðardóttir,
ritari.